

Ársskýrsla 2016



HJÁLPARSVEIT SKÁTA Í KÓPAVOGI



Unglingadeild HSSK í heimsókn hjá Landhelgisgæslunni.



Stjórn HSSK starfsárið 2016-2017.

Ársskýrsla Hjálparaveitar skáta í Kópavogi 2016

Ritstjóri: Lilja Smáradóttir *Ábyrgðarmaður:* Aðalsteinn Maack *Prentun:* Svansprent

Ritstjórn: Auður Atladóttir, Íris Marelsdóttir, Magnús Hákonarson

Myndir: Sigurður O. Sigurðsson (þám. forsíða og baksíða) og félagar í HSSK



Ársskýrsla 2016

Inngangur að ársskýrslu HSSK.....	4
Fjöldi virkra félaga í HSSK	4
Starf HSSK	6
Akstur og hreyfingar ökutækja HSSK.....	8
Björgunarmiðstöðin í Kópavogi	9
Fjarskipta- og tölvubúnaður	9
Starf flokka.....	10
Bátaflokkur	10
Leitarflokkur	11
Rústaflokkur	12
Sjúkraflokkur.....	13
Sleðaflokkur.....	14
Tækjaflokkur.....	15
Undanfarar	16
Þjálfun félaga í HSSK	17
Unglingadeild HSSK.....	17
Nýliðar 1	18
Nýliðar 2	18
Endurmenntun fullgildra félaga.....	19
Nefndir og ráð	20
Fjárfælingar HSSK	21
Flugeldasalan	21
Flugeldasýning Kópavogs á gamlárskvöld, í umsjón HSSK.....	21
Neyðarkall.....	22
Aðgerðir og útköll.....	24
Bækistöðvarhópur	24
Listi yfir útköll og aðgerðir.....	25
Hálendisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar	30

Inngangur

Starf stjórnar var með hefðbundnu sniði starfsárið 2016. Stjórn hélt 20 stjórnarfundi á starfsárinu til þess að styðja við starf hjálparveitarinnar, fjalla um erindi sem bárust um kaup á búnaði og tækjum, fara yfir og samþykka styrkumsóknir frá félögum sveitarinnar vegna námskeiða auk þess að fjalla um önnur mál. Þá fundaði stjórn með einstökum flokkum sveitarinnar auk þess að halda sveitarráðsfund með formönnum flokka, nefnda og ráða HSSK. Að venju sendi stjórn fulltrúa á fulltrúaráðsfund Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldinn var í Reykjavík í nóvember 2016 auk þess sem að fulltrúar stjórnar mættu á fundi með hinum ýmsu nefndum Landsbjargar.


Síðasta starfsár var viðburðamikið og félagar tóku þátt í æfingum og útköllum, sáu um viðhald á búnaði og tækjum auk þess að halda utan um þjálfun nýrra félaga. Það kom fyrir að ekki var til nægur flutningskostur fyrir félag og þurfti þá að fá bifreiðar að láni til að anna flutningsgetu.

Umfang sveitarinnar hefur vaxið mikið og samþykkt rekstraráætlanir frá flokkum sveitarinnar tímafrekt verkefni. Stjórn hefur því tekið í notkun skráningarkerfi með það að markmiði að ná markvisst að halda utan um rekstur sveitarinnar.


Fjáraflanir ársins voru samkvæmt venju sala á neyðarkalli og flugeldum. Báðar gengu vel fyrir sig, sveitarfélagar mættu vel og skipulag var til fyrirmyndar.

Stjórn HSSK þakkar veittan stuðning og fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

Fjöldi virkra félaga í HSSK




Frá 1969 hefur 441 einstaklingur orðið fullgildur félagi HSSK en á undanförunum árum hafa um 16 einstaklingar á ári klárað nýliðastarfið og gerst fullgildir félagar.




Á útkallslista eru 148 félagar en virkir félagar árið 2016 eru um 220. Af þeim voru 30 nýskráðir eða þeir sem hófu nýliðastarf. Samtals 90 félagar tóku beinan þátt í útköllum á árinu.

Nokkuð jöfn skipting milli kynja er á nýskráningum á milli ára.



Starf HSSK


Í skráningakerfi HSSK, sem heldur utan um starf og mætingar sveitarfélaga, voru rétt ríflega 4.000 skráningar árinu. Félagar HSSK stimpla sig þar inn þegar þeir mæta í vinnu, útköll og önnur verkefni. Það er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Að jafnaði eru um það bil fjórar vinnustundir á bak við hverja skráningu í mætingakerfið.




**Bilun varð í skráningarkerfinu 2012 sem útskýrir færri skráningar.*



Fjöldi verkefna í skráningakerfinu er mjög svipaður milli ára eða um það bil 400 verkefni.



Hlutfallsleg skipting verkefna er nokkuð stöðug. Vinna við viðhald, fjáraflanir og uppbyggingu er í kringum 50% starfsins. Námskeið og æfingar milli 20-25% og útköll í kringum 10% verkefnanna.



Akstur og hreyfingar ökutækja HSSK


Mest allt árið 2016 var sveitin með færri bíla í notkun heldur en árið á undan sem skýrir aukna notkun aukabíla. Toyota Land Cruiser (Kópur 6) var seldur haustið 2015 en Toyota Hilux (Kópur 4) sem keyptur var í staðinn var ekki tekinn í notkun fyrr en í lok árs 2016.

	Hreyfingar		Akstur í km		Samtals fjöldi farþega	
	2015	2016	2015	2016	2015	2016
Kópur 1, Mercedes-Benz Sprinter – 2014, 9 manna	66	61	9.513	8.812	339	282
Kópur 2, Toyota Hiace – 2008, 9 manna	75	56	8.587	7.898	271	210
Kópur 3, Toyota Land Cruiser – 1996, 5 manna	23	17	7.252	6.944	77	43
Kópur 4, Toyota Hilux – 2016, 5 manna*		1		161	6	3
Kópur 5, Ford Pickup – 2005, 6 manna	56	44	7.851	11.072	157	130
Kópur 6, Toyota Land Cruiser -2010, 5 manna**	27		3.906		82	0
Kópur vörubíll, IVECO trakker – 2015***	6	20	2.907	8.876	11	37
Aukabílar (einkabílar og aðrir lánsbílar)	2	10			11	27
Samtals	255	209	40.016	43.763	954	732

* Tekinn í notkun 2016

** Seldur 2015

*** Tekinn í notkun 2015



Björgunarmiðstöðin í Kópavogi

Hjálparsveit skáta í Kópavogi rekur alla sína starfsemi í Björgunarmiðstöðinni að Bakkabraut við höfnina í Kópavogi. Húsnæðið er eign sveitarinnar og sem er um 1445 m² að flatarmáli. Húsnæðið var áður kallað Hafnarskemman og var hún byggð í kringum 1950. Mikil áhersla hefur verið lögð á endurbætur og viðhald húsnæðis og í dag eru verkstæði og aðgerðastjórnstöð á neðri hæð en aðstaða fyrir fundi og fræðslu á efri hæð. Á síðasta ári voru eldvarnir húsnæðisins eflar með því að skipta því upp í eldhólf. Settar voru upp þrjár eldvarnarhurðir og eldveggur settur á milli verkstæðis og fundaraðstöðu. Þá var gerð flóttaleið úr fundarsal á efri hæð.

Herbergjum voru gefin nöfn og ákveðið að merkja hvert þeirra til að auðvelda skipulag við fræðslu og fundi. Lögð er áhersla á að varðveita sögu sveitarinnar og myndir úr starfinu prýða veggi húsnæðisins.

Utanhúss var áhersla lögð á snyrtilegt umhverfi og að bæta merkingar húsnæðis og bílastæða.

Fjarskipta- og tölvubúnaður

Vefnefnd HSSK hefur umsjón með fjarskipta- og tölvubúnaði björgunarmiðstöðvarinnar. Má nefna vef HSSK (innri og ytri vef), tölvupóstkerfi (Google apps), skráningarkerfi og tölvubúnað í björgunarmiðstöðinni. Nefndin hefur einnig umsjón með sameiginlegum drifum og netkerfum. Símkkerfi björgunarmiðstöðvarinnar bættist við verkefni vefnefndar vorið 2016 og síðla hausts var ráðist í það verkefni að efla opna Fésbókarvef HSSK. Í lok ársins var farið í mikla endurnýjun á netkerfi húsnæðisins ásamt því að ný sjónvörp voru fengin í stjórnarherbergi og í aðstöðu aðgerðastjórnar. Vinnu við þetta verkefni var ekki lokið um áramót.

Yfirlit yfir helsta búnað í umsjón vefnefndar, (listinn er ekki tæmandi):

Tölvubúnaður	Átta borðtölvur Þrír fundarskjáir/upplýsingaskjáir Skjávarpi Hljóðkerfi Litalaserprentari
Netkerfi björgunarmiðstöðvar	Þráðlaust net með fimm aðgangspunkta (<i>router og switch</i>)
Símkkerfi björgunarmiðstöðvar	Sex símtæki Poe switch



Starf flokka

Stór hluti starfsemi HSSK fer fram innan flokka sveitarinnar og er starfsemi þeirra gerð skil hér á eftir. Formenn flokka mynda sveitarráð ásamt fulltrúa stjórnar. Verkefni sveitarráðs er að efla samstarf á milli flokka og vera upplýsingaveita á milli flokka. Sveitarráð hefur einnig ráðgefandi hlutverk.

Bátaflokkur

Umsjón	Heimir S. Haraldsson, formaður Jökull Brjánsson, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	10
Tæki	Kópur Stefni 7747 - 2015, 11 metra harðbotna slöngubátur með 2x250 hestafla Yamahavélum. Kópur Sædis - 2000, slöngubátur. Kópur Moki - 1997, dráttarvél, Case 4210 4x4 með ámoksturstækjum.
Fjöldi vinnustunda	300
Verkstæðisbúnaður	Verkfæraskápur á hjólum, Kraftverk Junior.
Annar búnaður	6 VHF stöðvar áfastar 6 hjálmum. 20 hjálmar, gamlir. 8 Ursuit þurrbúningar í góðu ástandi, aðrir eru slitnir og úr sér gengnir. 8 Baltic rescue björgunarvesti, þróuð í samvinnu við sænsku sjóbjörgunarsamtökin. Uppblásanleg vesti.
Ný tæki /nýjungar	HSSK hefur átt afar gott samstarf við Hafsport og fengið búnað á hagstæðu verði. 6 VHF stöðvar keyptar á síðasta ári, áfastar 6 hjálmum frá Hafsport sem voru keyptir um leið, þrír nýir þurrgallar voru keyptir. 750 W brunnvatnsdæla var keypt. Hún er staðsett í Stefni. Rafstöð er í pöntun sem keyra mun dæluna áfram og þessi búnaður auðveldar dælingu úr lekum bátum.
Æfingar og ferðir	35 skráðar ferðir. Helst var farið til Reykjavíkur, í Hvalfjörð, til Hafnarfjarðar og á Suðurnes. Ein ferð var austur fyrir Eldey vegna verkefnis fyrir Teledyne Gavia sem rekur smákafbátapjónustu. Tekið var þátt í samæfingum bátaflokka, annars vegar með Ársæli og hins vegar með Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Einnig voru stundaðar æfingar með þylusveit Landhelgisgæslunnar.



Leitarflokkur

Umsjón	Jón Guðmundsson, formaður Stephan Schiffl, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	7
Búnaður	Fjögur reiðhjól ásamt tilheyrandi búnaði, það er hjálmar, viðgerðasett og hjólatöskur. Reiðhjólafesting fyrir bíl. Viðgerðastandur fyrir hjól. Fimm leitarkistur (hver kista inniheldur m.a. fjögur leitarljós, GPS tæki, sjónauka, myndavélar, flögg og bækur). 3 straumvatnssett (burr galli, vesti, hjálmur, hnífur, skór, vettlingar, kastlína). 100 m flotbjörgunarlína. Oceanid RDC Swiftwater björgunarbátur og pumpa.
Fjöldi vinnustunda	578
Ný tæki /nýjungar	Reiðhjólafesting fyrir bíl. Viðgerðastandur fyrir hjól.
Æfingar og ferðir	Ráðstefna um notkun flygilda við leit í apríl. Námskeið um hegðun týndra í desember. Samæfingar leitarflokka á svæði 1: Reiðhjólaleit, leit innanhúss, leit í fjallendi og snjóflóðaleit. Leitartækninámskeið fyrir nýliða í apríl. Straumvatnsbjörgun 1 fyrir meðlimi HSSK. Átta manns í júní. Straumvatnsbjörgun 1 fyrir nýliða HSSK. 17 manns. Verklefum hluta skipt í tvo hópa. Haldið í september.



Rústaflokkur

Umsjón	Svavar Helgi Ólafsson, formaður Elvar Steinn Þorvaldsson, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	25
Búnaður	Rústagámur: 6 rafstöðvar. 2 leitarmyndavélar (Searchcam 2000 frá Search Systems). 2 loftpressur. 4 loftpúðar, 10-20 tonna. 2 bensínkeðjusagir. 2 bensínsteinsagir. 1 rafmagnssteinsög. 1 hlustunartæki (Delsar lifedetector frá Searchsystems). 30 flutningskistur. 30 rafmagnshandverkfæri (brotbor og skurðarverkfæri). 1 kerra. 200 handverkfæri, skrúfjárn, hamrar, hakar, sleggjur. Ljósakerra.
Fjöldi vinnustunda	Óvíst
Ný tæki /nýjungar	Fallvarnarbúnaður fyrir fjóra. Rafmagnssteinsög. Rafmagnskeðjusög.
Æfingar og ferðir	Skrifborðsæfing ásamt Íslensku alþjóðabjörgunar-sveitinni, fræðslufundir, skipulagsvinna.



Sjúkraflokkur

Umsjón	Erla Sif Karlsdóttir, formaður Helga Margrét Ingvarsdóttir, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	15
Búnaður	4 sjúkratöskur í bílum. 1 sleðataska. 3 gæslutöskur. 2 endurlífgunar dúkkur, ein barna og ein fullorðins ásamt fylgihlutum. 2 sjúkrabörur (skeljar). 3 bakbretti. 1 hjartastuðtæki. Neyðarskýli. Ullarteppi. Bráðaflokkunartaska. Slysaförðunarbúnaður og föt.
Ný tæki /nýjungar	Björgunarbörur (skröpur).
Fjöldi vinnustunda	80
Æfingar og ferðir	3-4 félagar tóku þátt í tveimur flugslysæfingum.
Annað er máli skiptir?	Flokkurinn sá um kennslu á tveimur námskeiðum, fyrstu hjálp 1 og fyrstu hjálp 2.



Sleðaflokkur

Umsjón	Hákon Þór Árnason, formaður Reynir Freyr Pétursson, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	17
Tæki	Kópur 5, Ford Pickup – 2005, 6 manna. Vélsleði 1, Ski-Doo Freeride 154" - 2015. Vélsleði 2, Ski-Doo Freeride 154" - 2015. Vélsleði 3, Ski-Doo Summit X 165" - 2017. Vélsleði 4, Ski-Doo Summit X 165" - 2017. Vélsleði 5, Ski-Doo Expedition Extreme - 2016. Nila sjúkra- og farþegavagn. Aftaníþota - flatvagn. Vélsleðakerra opin 3,6 m. Vélsleðakerra opin 4,0 m.
Fjöldi vinnustunda	Eitt til tvö vinnukvöld í viku yfir vetrarmánuði.
Verkstæðisbúnaður	Verkfæraskápur.
Annar búnaður	2 Tetra stöðvar. 4 VHF stöðvar. 5 GPS staðsetningartæki. Sprungubjörgunarbúnaður á hverjum sleða. Sjúkrabúnaður og ullarteppi á hverjum sleða. Neyðarblys á hverjum sleða.
Ný tæki /nýjungar	Ný tæki: Tveir Ski-Doo Summit X 165" 2017.
Seldur búnaður	Tveir ski doo free rider 2014 seldir 2016.
Búnaður í einkaeigu félaga sleðaflokks	Sleðagallar. Brynjur og hjálmar. Snjóflóðabakpokar.
Æfingar og ferðir	Samæfingar sleðaflokka á svæði 1. Gönguskiðaferð HSSK í febrúar 2016. Kennsla á snjóflóðanámskeiði HSSK. Æfingaferðir inn á Fjallabak, Hellisheiði, Lyngdalsheiði, Kjöl, Langjökul og fleiri staði.



Tækjaflokkur

Umsjón	Hörður Sigurðarson, formaður
Fjöldi virkra félaga	20
Tæki	Kópur 1, Mercedes-Benz Sprinter - 2014, 9 manna. Kópur 2, Toyota Hiace - 2008, 9 manna. Kópur 3, Toyota Land Cruiser - 1996, 5 manna. Kópur 4, Toyota Hilux - 2016, 5 manna. Kópur vörubíll, IVECO trakker - 2015. Kópur snjóbíll, Högglund á gúmmibeltum - 1982. Tvær yfirbyggðar farangurskerrur.
Fjöldi vinnustunda	Eitt til tvö vinnukvöld í viku yfir vetrarmánuði, samtals um 600 klst. vegna almenns viðhalds auk 160 klst. vegna viðgerðar á snjóbílnum.
Verkstæðisbúnaður	Bílalyfta. Verkfæraskápur. Suðutæki. Loftpressa. Þvottakar. Krókheysisfleti.
Ný tæki /nýjungar	Ný bifreið: Toyota Hilux . 44“ hjólbarðar, Nissan Patrol hásingar, lengdur pallur og utanálíggjandi veltibúr.
Æfingar og ferðir	Þátttaka í samæfingum bílaflokka á svæði 1.



Undanfarar

Umsjón	Jónas G. Sigurðsson, formaður Sigurður Bjarki Ólafsson, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	18-20
Búnaður	4 björgunarlínur. 2 dynamiskar single rope línur. 2 half rope línur. Fjórar kippur af járnabúnaði, það er: 5 læstar karabínur, fimm ólæstar, tvö björgunarahjól, ATC guide sigtöl, tveir 60 cm slingar, tveir 120 cm slingar, einn 180 cm slingur, sett af tandemprússikum, 6 m af 6 mm þarfaspotta og 10 m af 8 mm "handsprengju". Tvær tryggingakippur, hvor um sig er með: Hnetusett með 10 stk hnetum, hexusett með 8 hexum, vinasett með 6 vinum, fleygasett með 8 fleygum, fleyghamar, 10 m af 8 mm "handsprengju", splittari og scarab björgunarsigtöl. Til að halda kippunum saman eru 10 karabínur í hvoru setti. Sett með 6 ísskrúfum í mismunandi lengdum (2 x 13 cm, 2 x 16 cm, 1 x 19 cm og 1 x 22 cm). Tveir snjóhælar, auka hjálmur og auka belti. Brúnavarnasett: tveir dúkar, klakabox og línupylsa.
Fjöldi vinnustunda	Eitt vinnukvöld í viku yfir vetrartímann.
Ný tæki /nýjungar	Nýjum línum var skipt út fyrir eldri og karabínur keyptar í stað þeirra sem töpuðust á árinu. Tveimur gömlum línum var skipt út fyrir notuð North Face tjöld.
Æfingar og ferðir	Klifruðum Kistufell við Grundarfjörð að vetri, ísklifur var stundað í Eilífsdal og fleira. Flokkurinn tók þátt í samæfingum flokka undanfara á svæði 1 sem haldnar eru þriðja miðvikudag í mánuði og innanflokksæfingar eru í nær hverjum mánuði. Þar að auki sá flokkurinn um kennslu fjallamennsku 1 og fjallamennsku 2 fyrir nýliða og grunnnámskeið í fjallabjörgun fyrir nýja félaga flokksins. Níu undanfarar fóru í 8 daga ferð til Rjukan í Noregi með það að markmiði að efla samheldni og reynslu, auka klifurfærni og línuvinnu.



Þjálfun félaga í HSSK

Þjálfunarráð samræmir þjálfun félaga HSSK og í þjálfunarráði sitja nýliðþjálfarar, forsvarsmenn unglingadeildar og þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir þjálfun/endurmenntun fullgildra félaga á sviðum sem ekki falla undir starfsemi einstakra flokka.

Unglingadeild HSSK

Í janúar 2016 voru 10 skráðir í unglingadeildina, sex drengir og fjórar stúlkur. Þrír einstaklingar eru fæddir 1998, fjórir árið 1999 og þrír árið 2000. Þrjár stúlkur bættust við hópinn um vorið, ein fædd 1999 og tvær 2000. Þá taldi hópurinn 13 manns.

Fæðingarár	1998	1999	2000	Samtals
Drengir	3	3	0	6
Stúlkur	0	1	3	4
Samtals	3	4	3	10

Þessir þrír sem fæddir eru 1998 hættu vorið 2016. Tveir þeirra skráðu sig í nýliðþjálfun HSSK og annar þeirra starfar nú sem aðstoðarþjálfari unglingadeildarinnar.

12 nýir einstaklingar skráðu sig haustið 2016 og allir 10 frá því um vorið skráðu sig aftur svo samtals voru 22 virkir einstaklingar í september 2016. Kynjahlutfall og aldursdreifing nýskráðra er eftirfarandi:

Fæðingarár	1999	2000	2001	Samtals
Drengir	2	0	7	9
Stúlkur	0	2	1	3
Samtals	2	2	8	12

Virkir einstaklingar um áramótin 2016/2017 eru 17 talsins:

Fæðingarár	1999	2000	2001	Samtals
Drengir	2	2	5	9
Stúlkur	1	6	1	8
Samtals	3	7	6	17

Heildarfjölgun milli ára var sjö einstaklingar. Heildarbrottfall var átta einstaklingar, það er fimm sem skráðu sig í september 2016 hættu um áramót og þrjár stúlkur hættu vorið 2016.

Námskeið unglingadeildar	Ferðir unglingadeildar
Leitartækni Fyrsta hjálp Rústabjörgun Sig Klifur Ferðamennska Rötun	Innilega yfir nótt í björgunarmiðstöð Hjólaferð Bátsferð Gönguferð/baðferð í Hveradal Miðnæturmót unglingadeilda Landsbjargar í Vatnaskógi

Nýliðar 1

Haustið 2016 hófu 26 einstaklingar nýliðabjálfun í HSSK. Meðalaldur var 26 ár, yngsti einstaklingurinn var 18 ára og sá elsti 53 ára. Kynjahlutfall var 65% konur og 35% karlar.

Um áramótin 2016-2017 voru 20 nýliðar enn starfandi. Meðalaldur var þá 25,5 ár og kynjahlutfall 60% konur og 40% voru karlar. Brottfall frá hausti voru 6 einstaklingar, einn karl og 5 konur. Nýliðar 1 ljúka sinni þjálfun í apríl 2018 og geta þá sótt um að gerast fullgildir félagar í HSSK.

Námskeið nýliða 1 haust 2016	Ferðir nýliða 1 haust 2016
Ferðamennska Fjarskipti Rötun Fyrsta hjálp 1	Ganga á Vífilsfell Tjaldferð á Hengilsvæðið Ganga yfir Fimmvörðuháls



Nýliðar 2

Haustið 2015 hófu tæplega 40 einstaklingar nýliðabjálfun í HSSK. Meðalaldur var 29 ár og kynjahlutfall var 48% konur og 52% karlar.

Um áramótin 2016-2017 voru 25 nýliðar enn starfandi. Meðalaldur var þá 27 ár og kynjahlutfall 54% konur og 46% voru karlar. Þessir einstaklingar ljúka sinni þjálfun í apríl 2017 og geta þá sótt um að gerast fullgildir félagar í HSSK.

Námskeið nýliða 2	Ferðir nýliða 2
Stöðupróf Leitartækni Straumvatnsbjörgun Björgunarmaður í aðgerðum Óveður og björgun verðmæta Slöngubátur Tetra fjarskipti Sálræn skyndihjálp Rústabjörgun	Haustferð HSSK Ganga yfir Fimmvörðuháls Gönguskiðaferð í Landmannalaugar Gönguferð inn í Áfangagil, féll niður vegna veðurs



Endurmenntun fullgilda félaga

Þjálfun fullgilda félaga fer að miklu leyti fram í starfi flokka. Að auki voru á síðasta ári haldin tvö fyrstu-hjálparkvöld sem sniðin voru að eldri félögum. Farið var yfir aðkomu að slysstað, viðbrögð við veikindum og endurlífingun. Yngri jafnt sem eldri félagar mættu á þessi kvöld og stefnt er að því að bjóða árlega upp á slík fyrstuhjálparkvöld og einnig að félagar sveitarinnar endurnýi fyrstuhjálparréttindi sín á þriggja ára fresti.

Nefndir og ráð

Fjáröflunarnefnd

Sölvi Melax (formaður)
Auður Atladóttir
Ásta Lilja Magnúsdóttir
Brynja Ingólfssdóttir
Guðmundur Ólafsson
Lilja Smáradóttir
Sigrún Inga Gunnarsdóttir
Valgeir Tómasson

Flugeldanefnd

Guðmundur K. Einarsson (formaður)
Gunnlaugur Einar Briem
Einar Eysteinnsson
Hákon Þór Árnason
Lilja Smáradóttir
Stefán Jökull Jakobsson
Karl Emil Jónsson
Brynjar Tómasson
Gústaf Másson
Ívar Eiðsson
Jón Haukur Steingrímsson
Reynir Freyr Pétursson
Jónína Aðalsteinsdóttir (lét af störfum um mitt ár 2016)

Bygginganefnd

Styrmir Steingrímsson (formaður)
Stefán Jökull Jakobsson
Erlendur Sturla Birgisson
Einar Kristinn Hauksson
Oddgeir Sæmundsson
Pálmar Dan Einarsson
Guðmundur K. Einarsson
Valgeir Tómasson

Húsnefnd

Arna Björg Arnarsdóttir
Jónína Aðalsteinsdóttir
Lilja Smáradóttir
Margrét Rán Kjærnested

Laganefnd

Auður Atladóttir
Guðmundur Ólafsson
Margrét Rán Kjærnested

Ritnefnd áramótablaðs HSSK

Bergrós Arna Jóhannesdóttir (formaður)
Ásta Lilja Magnúsdóttir
Jóhanna Rut Sævarsdóttir
Jón Guðmundsson
Nóa Sólrún Guðjónsdóttir

Sögunefnd

Einar Gunnarsson (formaður)
Gunnsteinn Sigurðsson
Guðmundur Einarsson
Sigurður Konráðsson
Sævar Skaptason

Skemmtinefnd

Heiður Þórisdóttir
Anna Kristín Gunnarsdóttir
Hulda Margrét Erlingsdóttir
Særún Erla Baldursdóttir
Ásdís Erla Pétursdóttir
Jóhanna Rut Sævarsdóttir
Halldóra Sigríður Halldórsdóttir

Uppstillingarnefnd

Olga Kolbrún Vilmundardóttir (formaður)
Arna Björg Arnarsdóttir
Arnar Sigurðsson
Hákon Þór Árnason

Vefnefnd

Guðmundur Ólafsson (formaður)
Andri Karl Tómasson
Hinrik Sigurður Jóhannesson
Magnús Hákonarson

Þjálfunarráð

Sigrún Ósk Jakobsdóttir (formaður)
Aðalbjörg Sigurjónsdóttir
Björn Þór Guðmundsson
Grétar Laxdal
Gunnhildur Daðadóttir
Hulda Rós Bjarnadóttir
Kristinn Jón Arnarson
Sigríður Alma Gunnsteinsdóttir
Ragna Sif Árnadóttir

Fjáraflanir HSSK

Eins og aðrar björgunarsveitir á landinu er Hjálparsveit skáta í Kópavogi sjálfboðaliðasamtök. Til þess að fjármagna reksturinn þarf sveitin að miklu leyti að treysta á framlög almennings í gegnum fjáraflanir. Stærstu fjáraflanir sveitarinnar eru sala á neyðarkallinum í byrjun nóvember og flugeldasala um áramót.

Flugeldasalan

Umsjón	Flugeldanefnd
Sölustaðir voru fimm talsins	Björgunarmiðstöðin við Bakkabraut.. Færanlegir gámar á móts við Nýbýlaveg 8-12. Kraftvélar á Dalvegi. Gullkofinn við Salalaug. Krónan Vallakór.
Sölutímabil	Fjórir dagar, 28. - 31. desember. Allir sölustaðir HSSK opnir þessa daga. Prettándasala 5. – 6. janúar 2017 í Björgunarmiðstöðin við Bakkabraut.
Vinsælasta varan	HSSK tertan hefur verið með vinsælustu skottertum sveitarinnar, en á henni eru myndir úr starfi sveitarinnar.
Fjöldi sjálfboðaliða sem kom að sölnni	120-150
Um sölna	Flugeldasalan 2016/2017 stóðst væntingar, en sala á flugeldum er ein aðallífað sveitarinnar og gerir henni kleift að sinna nauðsynlegum rekstri, æfingum og útköllum árið 2017. Ný skotterta mun bætast við úrvalið um næstu áramót, það er Kópavogstertan sem skartar fallegum myndum af Kópavogi.

Flugeldasýning Kópavogs á gamlárskvöld, í umsjón HSSK

Umsjón	Brynjar Tómasson (skotstjóri), Karl Emil Jónsson, Svavar Helgi Ólafsson og Ólafur Arnar Gunnarsson
Húsnæði vegna uppsetningar	LNS Saga (nú Munck Íslandi) bauð fram húsnæði að þessu sinni. Það er ávallt vandkvæðum bundið að finna húsnæði sem hentar fyrir þetta verkefni. Húsnæði þarf að vera iðnaðarhúsnæði sem uppfyllir kröfur slökkviliðs um eldvarnir.
Aðföng	Vír - 50 metrar. Tívólíbombur - 263 stk.
Tímalengd sýningar	Um 7 mínútur
Fjöldi vinnustunda	Um 100
Fjöldi félaga HSSK við störf á gamlárskvöld við flugeldasýningu og gæslu	14 félagar í gæslu auk þeirra sem sáu um flugeldasýninguna.
Nýjungar	Árið 2016 var keypt nýtt þráðlaust skotborð sem leysir af hólmi heimasníðað borð frá árinu 1991.



Mynd: Brynjar Tómasson.

Neyðarkall

Umsjón	Fjáröflunarnefnd
Sölustaðir voru 22 í umsjón HSSK en að auki voru fimm sölustaðir í Kópavogi í umsjón sveita af landsbyggðinni	Skeljungur, 10-11 og Dunkin' Donuts við Smáralind Sports Direct og Elko í Lindum Pizzan og söluturn í Núpaland Rúmfatalagerinn á Smáratorgi Vínbúðin Dalvegi og í Smáralind Verslanir Bónus á Smiðjuvegi, Smáratorgi og Nýbýlavegi BYKO Breidd Smáralind Nettó við Salaveg Kostur á Dalvegi Krónan í Hamraborg, Vallakór og Lindum Samkaup í Kórahverfi Sölustaðir sveita af landsbyggðinni: Engihjalli - verslunarmiðstöð 10/11 á Dalvegi og í Hjallabrekku Samkaup og fiskbúð við Hófgerði Sundlaug Kópavogs og ísbúðin Urðarbraut N1 við Stórahjalla
Sölutímabil	3., 4. og 5. nóvember
Fjöldi sjálfboðaliða sem kom að sölnni	90
Um sölna	Sölnni var stýrt frá Skátaheimilinu í Kópavogsdal vegna nálægðar við sölustaði. Þar voru þrír til fjórir á vakt hverju sinni. Heitur matur var í boði fyrir sölumenn og mörg fyrirtæki styrktu sveitina með matargjöfum. Heildarsala jókst frá fyrra ári og var aukning í veltu 21%.



Aðgerðir og útköll

Bækistöðvarhópur sinnir aðgerðastjórn í útköllum og aðgerðum. Góð samskipti, samræming og skráning viðbragða eru lykilatriði við skipulag aðgerða. Bækistöðvarhópur nýtir VHF, Tetra, símkerfi og tölvur til samskipta og til skráningar er notaður Aðgerðagrunnur Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Bækistöðvarhópur

Umsjón með bækistöðvahópi	Anna Guðný Einarsdóttir, formaður Magnús Örn Hákonarson, varaformaður
Fjöldi virkra félaga	12-14
Búnaður	26 VHF taltöðvar (HX-370 og VX-800) (meðtaldar stöðvar í umsjá sleða- og bátaflokks). 20 TETRA stöðvar (Motorola 850s) (meðtaldar stöðvar í umsjá sleðaflokks). Kortasafn HSSK ótalið og óflokkað.
Fjöldi vinnustunda	
Ný tæki /nýjungar	
Æfingar og ferðir	Tvær útkallsæfingar. Önnur æfingin var innanhúss-æfing til að kanna viðbragðshraða björgunarfólks. Hin æfingin var hefðbundin leitaræfing við Helgafell. Hlutverk bækistöðvarhóps var að skipuleggja hópa úr húsi og svo sinna hlutverki vettvangsstjórnar. Tveir til þrír félagar bækistöðvarhóps tóku þátt í hvorri æfingu.
Annað er máli skiptir?	Lykilatriði í vel heppnuðum aðgerðum björgunar-sveita eru góð fjarskipti. Fjarskipti skipta höfuðmáli fyrir samræmingu í aðgerðum, bæði innan hópa, milli hópa og við aðra viðbragðsaðila. Einnig er það stórt öryggisatriði að hafa öruggar og áreiðanlegar fjarskiptaleiðir við alla sem taka þátt í aðgerðum. Stefnt er að því að endurnýja og fjölga bæði VHF og Tetra talstöðvum á næsta ári og halda nákvæmari skráningu yfir þær þannig að jöfn endurnýjun eigi sér stað.

Listi yfir útköll og aðgerðir á árinu 2016

6. janúar 2016 - F2 rauður: Reykur í flugvél

Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll var virkjuð þar sem talið var að reykur væri um borð í Boeing 747 flugvél sem væri að koma til landingar. Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu eru í svona tilfellum sendar á biðsvæði við Straumsvík. Útkallið var afturkallað tveimur mínútum eftir boðun.

14. janúar 2016 - F2 gulur: Neyðarsól í Hafnarfirði

Bátar sveitarinnar voru kallaðir til leitar vegna neyðarsólar sem sást á lofti ekki langt frá innsiglingunni inn í Hafnarfjarðarhöfn. Björgunarbáturinn Stefnir fór út og leitaði svæðið ásamt björgunarbátnum Fiskakletti frá Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Ekkert fannst og var leit hætt þegar ljóst þótti að enginn væri í hættu.

9. febrúar 2016 - F2 rauður: Innanbæjarleit í Reykjavík

Sveitin var kölluð út stuttu eftir miðnætti til leitar að unglingsdreng sem týndur var í Breiðholti. Drengurinn fannst heill á húfi eftir um þriggja klukkustunda leit.

25. febrúar 2016 - F1 gulur: Bátur strand við Álftanes

Björgunarsveitir voru kallaðar út á hæsta forgangi eftir að 10 metra langur fiskibátur strandaði við Álftanes. Báturinn lá þá utan í skeri með bilað stýri og var byrjaður að leka en lensidæla um borð náði að halda í við lekann. Þrátt fyrir að útkallið kæmi á dagvinnutíma á virkum degi var Stefnir, stærri bátur sveitarinnar, lagður af stað úr Kópavogshöfn 15 mínútum eftir boðun og var hann kominn að strandaða bátnum hálf tíma eftir að fyrstu boð bárust björgunarsveitum. Báturinn var dreginn inn í Hafnarfjarðarhöfn og komið beint upp á kerru, áhöfninni varð ekki meint af.

8. mars 2016 - F2 rauður: Leit á Fimmvörðuhálsi

Snjóbíll og vélsleðar sveitarinnar voru kallaðir út til leitar vegna erlends ferðamanns sem var týndur á Fimmvörðuhálsi. Aðstæður á hálsinum voru erfiðar vegna þungs færiss, snjókomu og lélegs skyggis. Björgunarsveitir af Suðurlandi höfðu leitað mannsins frá því fyrr um daginn og var óskað eftir liðsauka af höfuðborgarsvæðinu og öðrum svæðum til að aðstoða við leitina. Björgunarsveitarmenn á sleða fundu manninn á lífi.

13. mars 2016 - F2 gulur: Óveður í Kópavogi

Sveitin var kölluð út vegna óveðurs sem gekk yfir landið. Óskað var eftir einum hópi frá sveitinni og var hann að störfum í tæpa þrjá tíma. Þakplata var að fjúka af húsi á Kársnesi, klæðning að fjúka af spennistöð í austurbænum og vinnupallar að fjúka í Reykjavík svo nokkur dæmi séu nefnd.

23. apríl 2016 - F2 gulur: Leit ofan Kaldársels

Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru boðaðar til leitar ofan Kaldársels í Hafnarfirði þar sem mæðgur höfðu lent í þoku á göngu og týnt slóðanum sem þær voru á. Á sama tíma var í gangi leitartækninámskeið hjá sveitinni og hélt einn hópur þegar í stað á vettvang. Um 20 mínútum eftir

boðun fundu mæðgurnar slóða aftur og gátu þaðan komið sér sjálfar á bílastæðið þar sem bíllinn þeirra var.

20. maí 2016 - F1 rauður: Féll í klettum nærri Borgarfirði eystri

Undanfarar björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðir út vegna manns sem féll í klettum í fjöru við Borgarfjörð eystri. Til stóð að senda þá með þyrlu LHG sem hafði verið kölluð til aðstoðar. Björgunarsveitir á Austurlandi héldu einnig á staðinn og var manningin bjargað úr fjörunni á bátum áður en þyrlan kom á vettvang.

26. maí 2016 - F2 rauður: Vélarbilun í farþegaflugvél

Sveitin var boðuð rétt eftir miðnætti samkvæmt Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar. Boeing 757 flugvél var að koma inn til landingar með bilun í eldsneytiskerfi. 105 manns voru um borð í vélinni. Útkallið var afturkallað um 20 mínútum síðar þegar flugvélin hafði lent heilu og höldnu.

29. maí 2016 - F2 gulur: Leit í Reykjavík

Sveitin var kölluð út aðfaranótt sunnudags vegna eldri manns sem var týndur í miðbæ Reykjavíkur. Maðurinn fannst heill á húfi stuttu eftir boðun.

31. maí 2016 - F2 gulur: Leit í Fossvogi

Bátar og landhópar voru kallaðir til leitar að ungum manni í Fossvogi sem óttast var um. Stefnir, stærri bátur sveitarinnar, fór til leitar ásamt gönguhópi og reiðhjólahópi. Maðurinn kom fram heill á húfi þegar leit hafði staðið yfir í tæpa þrjá tíma.

5. júní 2016 - F2 gulur: Vélarvana bátur vestan Kársness

Sveitin var kölluð út um miðjan dag á sjálfan Sjómannadaginn vegna lítils slöngubáts sem varð bensínlaus á Skerjafirði vestan Kársness. Þrír menn voru um borð en engin hætta var á ferðum. Farið var út á björgunarbátum Stefni og báturinn dreginn til hafnar í Kópavogi.

19. júní 2016 - F2 rauður: Leit að breskum göngumanni

Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum voru kallaðar til leitar við Djúpavatn á Reykjanesi vegna bresks göngumanns sem hafði orðið viðskila við ferðafélaga sína. Hópurinn var að ganga Reykjaveg frá Reykjanesi til Nesjavalla. Þegar leit var farin vel af stað barst vísbending um ferðir mannsins við Grindarskörð og fundu leitarmenn hann í kjölfarið við Hlíðarvatn syðst á Selvogsgötu. Þoka hafði verið á svæðin um daginn og maðurinn hafði villst þangað á leiðinni í Bláfjöll, en ekkert amaði að honum að öðru leyti.

12. júlí 2016 - F2 rauður: Leit í Sveinsgili

Sveitin var boðuð út til leitar að ferðamanni sem hafði dottið fram af snjóskafli yfir jökulánni í Sveinsgili nálægt Landmannalaugum. Ferðafélagi mannsins sá hann falla í ána þaðan sem straumurinn bar hann undir skaflinn. Skaflinn haldi ána á um 46 metra löngum kafla, mjög þykkur og harðgerður snjór. Björgunarsveitir af stærstum hluta landsins voru boðaðar. Eftir rúmlega sólarhringsleit fannst maðurinn látinn.

13. júlí 2016 - F1 gulur: Bát að reka upp að Lönguskerjum

Sveitin var boðuð á hæsta forgangi vegna báts sem varð vélarvana á Skerjafirði og rak í áttina að Lönguskerjum. Stefnir var við það að leggja úr höfn þegar annar sjófarandi var kominn á vettvang og búinn að ná bátnum í tog.

15. júlí 2016 - F1 rauður: Slys við Sólheimajökul

Undanfarar björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðir til að fara með þyrlu Landhelgisgæslunnar austur að Sólheimajökli þar sem ferðamaður hafði runnið niður tugi metra og slasast. Björgunarsveitir af Suðurlandi komu að manningnum sem var síðan fluttur með þyrlunni til Reykjavíkur.

21. júlí 2016 - F2 gulur: Leit í Reykjavík

Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu voru boðaðar rétt eftir miðnætti til leitar að erlendum ferðamanni sem síðast hafði sést til á Granda í Reykjavík. Ferðamaðurinn kom fram síðar um nóttina heill á húfi eftir tæplega fjögurra klukkustunda leit.

2. ágúst 2016 - F2 gulur: Slösuð hjólreiðakona á Jaðrinum

Sveitin var kölluð út ásamt fleiri björgunarsveitum af höfuðborgarsvæðinu vegna ungrar konu sem féll af hjóli sínu og slasaðist á öxl. Hún var að hjóla Jaðarinn sem er vinsæl fjallahjólaleið frá Bláfjallavegi að Elliðavatni í jaðri hraunbreiðu í Heiðmörk sem heitir Húsfellsbruni. Flytja þurfti konuna nokkurn spöl þangað sem sjúkrabíll komst að.

7. ágúst 2016 - F2 grænn: Hjólreiðaslys á Gæsavatnaleið

Kona óskaði aðstoðar hálendisvaktar eftir að hafa lent í hjólreiðaslysi á Gæsavatnaleið. Hún hafði verið að hjóla frá Nýjadal og var ferðinni heitið að Drekgili við Öskju.

11. ágúst 2016 - F1 grænn: Vélhjólaslys á Sprengisandi

Hálendisvakt sveitarinnar var boðuð vegna vélhjólaslyss á Sprengisandsleið, rétt norðan Fjórðungsvatns. Erlendur ferðamaður í skipulagðri vélhjólaferð hafði fallið af hjóli sínu og fótbrotnað. Maðurinn var fluttur á börum í jeppa sveitarinnar niður að Aldeyjarfossi þar sem sjúkrabíll tók við honum og flutti á sjúkrahús.

13. ágúst 2016 - F2 rauður: Leit á höfuðborgarsvæðinu

Sveitin var boðuð til leitar að konu á höfuðborgarsvæðinu ásamt fleiri björgunarsveitum af suðvesturhorni landsins. Konan fannst heil á húfi.

16. ágúst 2016 - F1 grænn: Slasaður milli Hrafninnuskers og Álftavatns

Hálendisvakt sveitarinnar var kölluð út vegna erlends ferðamanns sem hafði dottið á höfuðið á Laugaveginum milli Hrafninnuskers og Álftavatns. Fékk hann við það djúpan skurð á höfuð og þurfti að komast undir læknishendur til að sauma saman.

29. ágúst 2016 - F2 rauður: Leit að ungri stelpu í Hafnarfirði

Sveitin auk annarra björgunarsveita af höfuðborgarsvæðinu var kölluð til leitar eftir að ung einhverf stúlka týndist við skóla í Hafnarfirði. Þegar leitin hafði staðið yfir í um þrjár klukkustundir fannst stúlkan heil á húfi.

14. september 2016 - F2 gulur: Leit við Hrafnistu í Hafnarfirði

Sveitin var boðuð til leitar við Hrafnistu í Hafnarfirði. Útkallið var afturkallað þegar hinn týndi fannst örfáum mínútum síðar.

20. september 2016 - F2 gulur: Leit að 13 ára dreng í Reykjavík

Leitað að 13 ára dreng sem var týndur í nágrenni Öskjuhlíðar í Reykjavík. Hann fannst örfáum mínútum eftir að sveitin var kölluð út.

20. september 2016 - F3 rauður: Leit á Patreksfirði

Björgunarsveitir af öllu norðanverðu og vestanverðu landinu voru kallaðar til leitar að manni sem óttast var um í nágrenni Patreksfjarðar. Leitað hafði verið að honum frá því um morguninn en ekkert til hans spurst. Gönguhópur frá sveitinni fór vestur á Patreksfjörð og hóf leit á svæðinu morguninn 21. september. Maðurinn fannst látinn seinna þann dag.

28. september 2016 - F2 gulur: Leit í Esju

Tveir göngumenn í Esju urðu viðskila og annar þeirra skilaði sér ekki niður af fjallinu aftur. Myrkur var skolið á þegar björgunarsveitir voru kallaðar til í kringum miðnætti. Maðurinn fannst heill á húfi af fyrstu leitarhópum sem fóru upp fjallið en hann hafði lent í vandræðum við að komast niður þegar myrkrið skall á enda ekki með ljós meðferðis.

1. október 2016 - F3 grænn: Leki að skútu á Kársnesi

Farið var á Stefni að bryggjunni við Naustavör á Kársnesi þar sem leki hafði komið að skútu í höfninni. Sjó var dælt úr skútunni og tók verkið rúman klukkutíma.

6. október 2016 - F2 gulur: Leit á Úlfarsfelli

Allar sveitir á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út seint að kvöldi til leitar að manni á Úlfarsfelli. 17 félagar sveitarinnar tóku þátt útkallinu sem lauk þegar maðurinn fannst um það bil tveimur klukkustundum síðar.

8. október 2016 - F1 grænn: Jetski slys við Kópavogshöfn

Sveitin var boðuð út á hæsta forgangi þegar tilkynning barst um að maður á jetski hefði lent í slysi fyrir utan Kópavogshöfn og væri í sjónum. Þegar menn voru að undirbúa brottför úr húsi var maðurinn búinn að synda í land og ekkert amaði að honum. Jetski-ið hafði bilað og maðurinn brugðið á það ráð að synda með það í land enda útbúinn til þess að fara í sjóinn. Hann var aðstoðaður við að koma jetski-inu upp á land.

25. október 2016 - F1 rauður: Rútuslys á Mosfellsheiði

Sveitin var kölluð út ásamt fleiri viðbragðsaðilum vegna hópslyss á Mosfellsheiði þar sem rúta með erlendum ferðamönnum hafði oltið út af veginum í mikilli hálku. Flytja þurfti marga farþega rúttunnar á sjúkrahús en óslasaðir voru fluttir í fjöldahjálparstöð Rauða Krossins í Mosfellsbæ.

25. október 2016 - F3 gulur: Fastir bílar á Nesjavallaleið

Beint í framhaldi af útkalli á Mosfellsheiði kom tilkynning um mikinn fjölda fólks í föstum bílum á Nesjavallaleið. Hópar sem höfðu lokið verkefnum á Mosfellsheiði fóru því þaðan til aðstoðar yfir á Nesjavallaleið, en þegar komið var á staðinn fundust engir fastir bílar þar.

5. nóvember 2016 - F2 rauður: Villt rjúpnaskytta í nágrenni Botnssúlna

Rjúpnaskytta sem hafði verið á svæði sem kennt er við Kjöl suðvestan við Botnssúlur lenti í svartapöku og missti áttirnar. Maðurinn var með síma sem var ekki orðinn batteríslaus og svo vel vildi til að símasamband var á svæðinu þannig hann gat óskað eftir aðstoð sjálfur. Á meðan björgunarsveitir voru á leið á staðinn lyfti þokunni nægjanlega mikið til að maðurinn taldi sig vera búinn að finna hvar hann væri. Sveitir héldu þó áfram til öryggis og mættu manninum þar sem hann var á göngu að bíl sínum og fylgdu honum lokaspölinn.

6. nóvember 2016 - F2 rauður: Týndar rjúpnaskyttur á Snæfellsnesi

Sveitir af öllum vesturhelmingi landsins voru kallaðar til leitar á Snæfellsnesi þar sem tvær rjúpnaskyttur höfðu ekki skilað sér af fjalli í lok dags eins og til stóð. Mjög slæmt veður var á svæðinu, lélegt skyggni, rok og úrkoma sem gerði leit á svæðinu mjög erfiða. Eftir langa og erfiða nótt gátu mennirnir gert vart við sig í gegnum síma morguninn eftir og stuttu síðar tókst að fá hnit úr sínum þeirra til að staðsetja þá. Talsverðan tíma tók að ná til mannanna og fylgja þeim niður af fjallinu vegna slæms veðurs og vatnavaxta í ám á svæðinu. Það tókst þó að lokum og voru þeir komnir niður um sólarhring seinna en áætlað var.

6. nóvember 2016 - F1 rauður: Í sjálfheldu í Gunnólfsvíkurfjalli

Undanfarar björgunarsveitanna voru kallaðir út til að fara með þyrlu Landhelgisgæslunnar austur að Gunnólfsvíkurfjalli við Finnafljóði í Bakkaflóa þar sem maður hafði lent í sjálfheldu í fjallinu. Talsvert erfitt var að komast að manninum og aðstoða hann niður en að lokum tókst með öruggum hætti að komast til hans og bjarga úr sjálfheldunni heilum á húfi.

19. nóvember 2016 - F2 rauður: Leit að rjúpnaskyttu sunnan Egilsstaða

Sveitir af mestöllu landinu voru boðaðar til leitar á Hallormsstaðahálsi á Héraði sunnan Egilsstaða þar sem rjúpnaskytta hafði ekki skilað sér til baka af fjalli í lok dags á föstudegi. Flogið var með stóran hóp göngumanna austur á Egilsstaði frá Reykjavíkurlugvelli sem leituðu á laugardeginum auk þess sem farið var með vélsleða landleiðina sem komu austur á laugardagskvöld og hófu leit á sunnudagsmorgni. Vélsleðamenn frá HSSK ásamt sleðamönnum frá öðrum sveitum sem voru saman við leit ofarlega á Hallormsstaðahálsi fundu hinn týnda og hundinn sem með honum var heila á húfi í birtingu á sunnudagsmorgni.

14. desember 2016 - F2 rauður: Leit í Kópavogi

Sveitin var kölluð út um kvöldmatarleitið til leitar í Vatnsendahlíð og efri byggðum Kópavogs að manni sem ekkert hafði spurst til frá því um morguninn. Mikil rigning hafði verið um daginn en það stytta upp síðdegis. Seint um kvöldið var hiti kominn niður fyrir frostmark og spár gerðu ráð fyrir að vindur myndi aukast eftir því sem leið á nóttina og daginn þar á eftir. Leitarmenn fundu manninn heilan á húfi rétt eftir miðnætti rúmum fjórum tímum eftir að leit hófst.

21. desember 2016 - F2 gulur: Leit í Reykjavík

Sveitin var kölluð út upp úr kl. 22 til leitar að eldri manni í Grafarholti í Reykjavík sem hafði verið týndur frá því fyrr um kvöldið. Maðurinn fannst heill á húfi rúmum hálf tíma eftir boðun.

Hálendisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar

HSSK tók að sér tvær vikur á hálendisvakt og var á Sprengisandi 7.-14. ágúst með aðsetur í Nýjadal og svo í beinu framhaldi á svæðinu að Fjallabaki vikuna 14.-21. ágúst með aðsetur í Landmannalaugum.

Fimm félagar tóku þátt í þessu verkefni auk félaga frá vinasveit HSSK í Skotlandi, Tweed Valley Mountain Rescue Team.

Að Fjallabaki er jafnan mun meira að gera en á Sprengisandi þar sem margfalt fleiri ferðamenn fara um Syðra og Nyrðra Fjallabak gangandi eða á hinum ýmsu farartækjum. Nokkrir slasaðir ferðamenn voru fluttir til byggða, leitað var að týndu fólki við Landmannalaugar auk ýmissa smærri verkefna.



Mynd: Sigurður Ó. Sigurðsson / www.sigosig.com



